

FabEy, kt. 491215-0110 og Akureyrarbær, kt. 410169-6229, gera með sér eftirfarandi

samning um starfsemi Fab Lab Eyjafjarðar

1.gr. Um FabEy

Fabey er hollvinafélag um stofnun og rekstur stafrænnar smiðju í Eyjafirði. Stofnendur félagsins eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kt. 580607-0710, Verkmenntaskólinn á Akureyri, kt. 531083-0759, Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, kt. 660900-2090. Tilgangur félagsins er að vinna að undirbúningi og stofnun stafrænnar smiðju, Fab Lab, í Eyjafirði. Stefnt er á að hefja rekstur á miðju ári 2016 og reka hana í 3 ár. Starfsemi Fab Lab í Eyjafirði mun á hverjum tíma vera í samræmi við áherslur Fab Charter stefnuýfirlýsingu um Fab Lab frá Fab Foundation og tengilið Fab Foundation hér á landi, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Með rekstri á stafrænni smiðju Fab Lab í Eyjafirði er stefnt á að auka þekkingu skólafólks og almennings á persónumiðaðri framleiðslu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla samkeppnishæfni fyrirtækja og einstaklinga.

2. gr. Hlutverk FabEyjar

FabEy gerir samning við Verkmenntaskólann á Akureyri um rekstur Fab Lab smiðju í Eyjafirði í 3 ár frá miðju ári 2016 að telja. Samkvæmt þeim samningi mun Verkmenntaskólinn leggja til húsnæði fyrir Fab Lab og ráða verkefnisstjóra sem hefur umsjón með starfseminni. FabEy stuðlar að fræðslu og þjálfun grunnskólakennara í grunnskólum Akureyrar, í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, með árlegum námskeiðum á þessum 3 árum sem samningurinn nær til. Námskeiðin eru fræðsla í notkun á hugbúnaði fyrir FAB LAB ásamt fræðslu um notkun á tækjum Fab Lab smiðjunnar. FabEy sér til þess að nemendur í Grunnskólum Akureyrar ásamt kennurum fái aðgang að Fab Lab smiðju samkvæmt nánara samkomulagi við verkefnisstjóra Fab Lab Eyjafjarðar.

4. gr. Hlutverk Akureyrarbæjar

Akureyrarbær/Grunnskólar á Akureyri, leggja áherslu á að nýta Fab Lab smiðjuna í nýsköpunar og frumkvöðlakennslu, vali eða öðrum áföngum. Grunnskólar Akureyrar hvetja einn eða fleiri kennara við grunnskóla Akureyrar til að afla sér þekkingar í Fab Lab fræðum með þátttöku í námskeiðum. Grunnskólakennarar frá Akureyri sem koma að kennslu grunnskólanemenda við Fab Lab í Eyjafirði gera það á kostnað og ábyrgð skólans. Akureyrarbær greiðir rekstrarstyrk að upphæð 6.500.000 kr. árlega í 3 ár eða samtals 19.500.000 á árunum 2016, 2017 og 2018 til FabEyjar, með fyrirvara um samþykki bæjarráðs á hverju fjárhagsári. Framlag Akureyrarbæjar er greitt í júní árið 2016 en í janúar árin 2017 og 2018. Þessir fjármunir eru varðveittir af FabEy og verða nýttir til að greiða Verkmenntaskólanum á Akureyri fyrir þjónustusamning um rekstur Fab Lab Eyjafjarðar.

5. gr. Gildistími samnings

Samningurinn gildir til 31. desember 2018 og tekur gildi við undirskrift hans. Samningurinn leggur engar kvaðir á samningsaðila um framhald verkefnisins að samningstíma liðnum. Við lok samningstímans er það þó ásetningur samningsaðila að fara yfir reynsluna af samningnum og endurmeta hann með það að leiðarljósi að endurnýja samninginn til að tryggja sem besta nýtingu og notkun þess búnaðar og tækja sem mynda Fab Lab smiðjuna. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu, með sex mánaða fyrirvara á gildistíma hans. Samningurinn fellur úr gildi ef rekstri Fab Lab Eyjafjarðar verður hætt eða starfsemi dregst verulega saman.

6. gr. Meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar samningsins nöfn sín hér undir.

Eyjafirði 25.05.2016

F.h. FabEyjar

F.h. Akureyrarbæjar
